

Eiði

Athugasemdir og viðbætur.

9. jan. 1978 kom Rúrik Kristjánsson, Hraunbæ 26, R., í Örnefnastofnun. Las hann yfir lýsingu Þorleifs Jóhannessonar og gerði við hana fáeinar athugasemdir, sem Sigríður Jóhannsdóttir skráði. – Foreldrar Rúriks fluttust að Eiði 1929, en sjálfur er hann fæddur þar 1934 og var þar til heimilis til 1951. Bróðir Rúriks býr nú á Eiði, og hefur Rúrik oft komið þangað eftir að hann fluttist burt.

Ekki hafði Rúrik heyrt um smiðju á Smiðjuvelli (2).

Lindarvöllur (4) dregur nafn af uppsprettulind, sem er sunnan við Bæjarhólinn. Þangað var alltaf sótt neyzluvatn.

Fjánhúsin stóðu á Fjánhúsatúni (5).

Hannesarflöt (6) dregur nafn af manni nokkrum, sem eitt sinn var viðloða á Eiði (e.t.v. kringum 1930). Hefur hann trúlega rist þarna ofan af þúfum.

Illareit (8) hafði Rúrik aldrei heyrt nefndan.

Ekki veit Rúrik, af hverju Sláttubakkar (9) eru nefndir svo. Þarna var aldrei slegið, svo hann vissi til, jarðvegurinn var ekki þannig.

Í Grafamýri (11) voru mógrafir, og þótti mórinn sæmilega góður. Þarna var mótekja í fjölda ára. Hætt var að taka mó kringum 1950.

Dysarholt (12) var í daglegu tali kallað **Dísarholt** (45). Sagt var, að Þórdís, er nam land á Þórdísarstöðum, væri dysjuð í holtinu. Áður fyrr áttu Þórdísarstaðir, Naustáll og Hjarðarból að hafa verið ein jörð. Voru Þórdísarstaðir höfuðbólið, útræði stundað frá Naustál og Hjarðarból beitarhús.

Rúrik kveðst alltaf hafa haldið, að landamerki Eiðis og Hjarðarbóls væru við lækinn í Merkjagili (nefnt Marksgil á korti). Merkjagil er sunnar en Merkjahryggur (14).

Kringlumýri (17) var eiginlega alveg hringlaga. Nú er búið að rækta hana alla upp.

Jónslág (18) var bara kölluð **Lág** (46), eftir að Rúrik man eftir sér, en ekki kennd við neinn mann.

Rúrik telur, að enn séu einhverjar rústir eftir af Jónslágarstekk (19). Ekki veit hann, hvenær hætt var að stekkjja.

Grafnaháls (21) var alltaf nefndur **Græfnaháls** (47), kenndur við „græfur“. Sennilega eru þessi nöfn dregin af mógröfum, því að þarna var mótak.

Á Torfholti (23) var þurrkað torf, sem rist var í mýrinni umhverfis það. Var torfið bæði notað á hey og í hús.

Í Grafamýri (25) voru mógrafir áður fyrr, en þetta var eiginlega allt orðið útgrafið í tíð Rúriks.

Rúrik man ekki eftir Arnarþúfu (27), en á þessum slóðum var þúfa, sem kölluð var **Hundaþúfa** (48).

Í Nátthaga (30) var fé bælt að nóttunni fyrir daga Rúriks.

Í Hrafnaklettum (31) verpti hrafnninn á hverju ári.

Nafnið Jafnageiri (34) hafði Rúrik ekki heyrt og mundi ekki eftir sérstöku nafni á þessum geira.

Gloppugil (42) er djúpt og dimmt og kemur nokkurs konar svelgur inn í það. Það mjókkar, þegar kemur lægra í landið. Rúrik minnir, að það sé klofið efst og komi fram eins konar tunga í það.

Í Helluhól (43) er flögumyndað grjót. Flögurnar eru þunnar og mikið sprungnar og var því ekki hægt að nota þær.

Fram við sjóinn eru háir bakkar. Alveg fram við sjóinn renna nokkrir lækir, og er þar eitt djúpt gil, sem heitir **Folaldalág** (49). Rúrik veit ekki um tildrög nafnsins.

Suðvestur frá bænum, á landamerkjum, Eiðis og Vindáss, eru þrjár steinar nokkuð stórir. Þeir heita **Nónsteinar** (50) og voru eyktamark frá Eiði.

Lækur, sem á upptök í Setbergi, er landamerki milli Eiðis og Vindáss. Hann lagði aldrei, og var hann því nefndur **Kaldilækur** (51).

Örnefnastofnun, 10. jan. 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Dísarholt 45=12
Folldalág 49
Græfnaháls 47=21
Hundaþúfa 48
Kaldilækur 51
Lág 46=18
Nónsteinar 50